



Reykjavík, 21. nóvember 2025

MSS25100015

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttindaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samstarf í kennslu og færni eldra fólks í tæknilæsi

Þann 6.nóvember 2025 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í mannréttindaráði svohljóðandi tillögu um samstarf í kennslu og færni eldra fólks í tæknilæsi:

Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir því við velferðarsvið að kanna hvort sé grundvöllur fyrir því að komið verði á samstarfi við framhaldsskóla- og háskólanema í kennslu í tæknilæsi og færni fyrir eldri reykvíkinga.

Tillögunni var vísað til umsagnar velferðarsviðs.

Umsögn:

Velferðarsvið þakkar ábendinguna. Nú þegar fer fram námskeið í tölvu- og símaaðstoð alla fimmtudaga, í félagsmiðstöðinni Borgum í Grafarvogi, í samstarfi við Borgarholtskóla. Verkefnisstjórar félagsauðs í hverfum borgarinnar hafa nú í kjölfar fyrirspurnarinnar ákveðið að leita eftir samstarfi við framhaldsskóla í nálægð við félagsmiðstöðvarnar.



Reykjavík